

From: [Snorri Sigurðsson - NI](#)
To: [Óskar Örn Gunnarsson](#)
Cc: [Eydís Líndal Finnbogadóttir - NI](#)
Subject: Umsögn NÍ um deiliskipulag, Hóll, Bíldudal
Date: föstudagur, 5. ágúst 2022 13:58:02
Attachments: [image001.png](#)

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202207-0029 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar dags. 14. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi íbúabyggðar í landi Hóls í Bíldudal.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagsgögnin og gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Uppbyggingin fer fram á svæði sem er að mestu raskað og í næsta nágrenni við landbúnaðarsvæði og íþróttasvæði. Gróðurfar á svæðinu sem stefnt er að því að byggja á er ekki með hátt verndargildi.

Einna helst þarf að gæta að áhrifum uppbyggingar á Litlueyrará og lífríki hennar þ.m.t. fuglalíf. Jákvætt er að stefnt sé að umtalverðum blágrænum ofanvatnslausnum. Tryggja þarf að mengun berist ekki frá byggðinni eða á framkvæmdatíma uppbyggingar í Litlueyrará.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is

